

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júlí 2011 í máli nr. E-829/2011:

Stapi lífeyrissjóður

(Garðar Garðarsson hrl.)

gegn

ALMC hf.

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Mál þetta höfðaði Stapi lífeyrissjóður, Strandgötu 3, Akureyri, með stefnu bitrti 17. febrúar 2011 á hendur ALMC hf., Borgartúni 25, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 5.195.648.045 krónur, en til vara 4.785.651.269 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 22. apríl 2009 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, til vara lækkunar stefnukrafna. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

Málið var dómtekið 15. júní sl. Dómari og lögmenn aðila töldu endurflutning óþarfan, þó að dómur sé nú kveðinn upp fimm vikum eftir aðalmeðferð.

Stefndi ALMC hét áður Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki. Hafði stefnandi átt viðskipti við bankann. Þann 9. mars 2009 ákvað Fjármálaeftirlitið að taka yfir vald hluthafafundar stefnda í samræmi við þágildandi ákvæði 100. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Eftirlitið vék stjórn félagsins frá og skipaði félaginu skilanefnd.

Þann 17. mars 2009 ákvað Fjármálaeftirlitið að innistæður hjá stefnda yrðu fluttar til Íslandsbanka hf. Þetta var þó ekki látið gilda um innlán sem hefðu orðið til sem greiðsla til eigenda skuldabréfa skömmu fyrir gjaldþaga bréfanna.

Stefnda var veitt heimild til greiðslustöðvunar 19. mars 2009, sem standa átti til 11. júní sama ár. Þann 11. maí 2009 var skipuð slitastjórn samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 og 4. tl. ákvæðis II til bráðabirgða við þau lög. Greiðslustöðvun stefnda var framlengd tvívegis, fyrst til 11. desember 2009 og síðan til 10. september 2010. Er sá dagur rann hafði verið gerður nauðasamningur fyrir félagið eins og síðar verður gerð grein fyrir.

Haustið 2008 átti stefnandi ýmsar kröfur, m.a. skuldabréfakröfur, á hendur stefnda. Allar þessar kröfur voru greiddar upp og andvirði lagt á innlánsreikninga hjá stefnda. Stefnandi lagði nokkurt fé til viðbótar þessu inn á reikning hjá stefnda.

Slitastjórn stefnda lýsti því í bréfi til stefnda, dags. 19. júní 2009, að hún teldi þá ráðstöfun sem fólst í uppgreiðslu skuldabréfanna og innleggi á innlánsreikninga vera riftanlega. Var jafnframt óskað eftir svari stefnanda því hvort hann samþykkti riftun þessarar ráðstöfunar.

Stefnandi svaraði fyrirspurn stefnda með bréfi 14. júlí 2009. Ítrekaði hann að innistæður sínar hjá stefnda væru forgangskröfur samkvæmt gildandi lögum. Er þá byggt á 6. gr. laga nr. 125/2008. Stefnandi lýsti síðan kröfum sínum með bréf til slitastjórnar stefnda, dags. 24. júlí 2009. Lýsti hann öllum kröfum sínum sem forgangskröfum.

Kröfulýsing stefnanda barst of seint, en kröfulýsingarfrestur rann út 18. júlí 2009. Stefnandi náði ekki að afla samþykkis nægilega margra kröfuhafa til að krafa hans kæmist að við slit stefnda.

Fleiri aðilar höfðu fengið greidd skuldabréf og önnur verðbréf gegn greiðslu inn á innlánsreikninga. Var rekið ágreiningsmál gagnvart Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem lauk með dómi Hæstaréttar 16. apríl 2010. Þar var fallist á riftun ráðstöfunarinnar og tekið fram í dóminum að með riftuninni raknaði við það réttarsamband sem hefði verið við lýði áður en ráðstöfunin hefði verið gerð.

Stefnandi kveðst hafa fallist á að niðurstaða Hæstaréttar í máli Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ætti einnig við um sína kröfu. Því telji hann sig eiga kröfu á hendur stefnda á grundvelli þeirra skuldaskjala sem hann átti áður en til innlánanna var stofnað. Segir hann að ráðstöfuninni hafi verið rift 19. júní 2009.

Í lok júní 2010 auglýsti slitastjórn stefnda nauðasamningsumleitanir félagsins og boðaði til fundar með kröfuhöfum til að fjalla um frumvarp að nauðasamningi. Lauk þeim tilraunum með því að Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti nauðasamning fyrir stefnda með úrskurði 18. ágúst 2010.

Í kjölfar þess að staðfesting nauðasamningsins var auglýst krafði stefnandi stefnda um greiðslu krafna sinna. Stefndi svaraði með bréfi dags. 17. nóvember 2010 og hafnaði greiðsluskyldu sinni með þeim rökum að kröfur stefnanda hefðu fallið niður fyrir vanlýsingu. Stefnandi kveðst hins vegar telja kröfurnar í fullu gildi. Um þetta atriði snýst ágreiningur aðila.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Í greinargerð stefnanda eru rakin nákvæmlega þau lagaákvæði sem giltu og þau sem síðar hafa verið sett frá því að stefnda var veitt heimild til greiðslustöðvunar 19. mars 2009. Á þeim degi hafi verið í gildi XII. kafli laga nr. 161/2002 eins og honum hafði verið breytt með neyðarlögum svonefndu nr. 115/2008 og lögum nr. 129/2008. Í 2. mál mgr. 98. gr. hafi sagt að með endurskipulagningu fjárhags sé átt við heimild til greiðslustöðvunar

og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt gjaldþrotalögum. Þau lög hafi gilt um heimild til að óska greiðslustöðvunar og leita nauðasamnings, sbr. 2. mgr. 98. gr.

Þá segir stefnandi að ráða megi af niðurlagi 1. mgr. 100. gr. a að stigsmunur sé á aðgerðum samkvæmt þeirri grein. Skilið sé á milli þess hvort fjármálastofnun hafi fengið heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum. Í 1. mgr. 101. gr. þágildandi laga hafi sagt að fjármálafyrirtæki yrði ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum. Gerður hafi verið í 102. gr. munur á gjaldþrotaskiptum annars vegar og slitum hins vegar, en við slit sé gjaldfært fjármálafyrirtæki leyst upp. Þegar tiltekin skilyrði hafi verið uppfyllt hafi Fjármálaeftirlitinu borið að óska eftir því að bú fjármálafyrirtækis yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en ef það ætti fyrir skuldum hafi átt að krefjast slita. Um skipti á bú fjármálafyrirtækis áttu samkvæmt 2. mgr. 103. gr. þágildandi laga að gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti, eftir því sem við gat átt. Því hafi stefndi sótt um heimild til greiðslustöðvunar samkvæmt 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga þann 18. mars 2009 og hún hafi verið veitt samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laganna þann 19. mars.

Eftir að stefnda var veitt greiðslustöðvun hafi verið sett lög nr. 44/2009, sem hafi tekið gildi 22. apríl 2009. Þar hafi XII. kafla áðurnefndra laga um fjármálafyrirtæki verið breytt. Tilgangur með breytingunum hafi verið sá að um endurskipulagningu og slit fjármálastofnana skyldu gilda hliðstæðar reglur og um önnur fyrirtæki og einstaklinga.

Nú skyldi fjármálafyrirtæki ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum, heldur til slita. Ýmsu hafi verið breytt. Þannig skyldi fjármálafyrirtæki ekki sækja um heimild til greiðslustöðvunar, heldur skyldu sömu takmarkanir á fullnustugerðum gilda á meðan bráðabirgðastjórn réði félaginu. Þá hafi sagt í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 44/2009 að ákvæði XVIII. kafla og 5. þáttar gjaldþrotalaga skyldi gilda um meðferð krafna, einnig um áhrif þess að kröfu sé ekki lýst.

Um fjármálafyrirtæki sem höfðu heimild til greiðslustöðvunar þegar lög nr. 44/2009 tóku gildi var sett sérregla í ákvæði II til bráðabirgða. Heimild þeirra til greiðslustöðvunar skyldi haldast og heimilt vera að framlengja hana eftir eldri reglum. Um greiðslustöðvunina skyldi beitt að hluta til reglum nýju laganna, eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með úrskurði þann dag sem lögin tóku gildi. Slitameðferin skyldi hins vegar áfram kennd við heimild til greiðslustöðvunar. Í greinargerð með lögunum hafi sagt að þegar heimild til greiðslustöðvunar félli niður, teldist fjármálafyrirtækið sjálfkrafa og án sérstaks dómsúrskurðar vera í slitameðferð.

Stefnandi telur greinilegt að fjármálafyrirtæki sem hafi haft heimild til greiðslustöðvunar gætu óskað framlengingar hennar í allt að tvö ár og væri fyrst að þeim tíma liðnum komið í slitameðferð. Bendir hann sérstaklega á að ákvæðin um greiðslustöðvun séu í þeim hluta XII. kafla laganna sem fjalli um endurskipulagningu fjárhags, en ekki í þeim hluta sem fjalli um slitameðferð. Stefndi hafi enn verið í greiðslustöðvun þegar nauðasamningurinn var samþykktur á fundi atkvæðismanna og síðan staðfestur með úrskurði 18. ágúst 2010. Þannig hafi aldrei komið til þess að stefndi væri sjálfkrafa til slitameðferðar.

Áðurnefndu bráðabirgðaákvæði hafi loks verið breytt 16. nóvember 2010, eftir að nauðasamningur stefnda var staðfestur. Þá hafi verið sett sú regla að slitastjórna og skilaneftnd gætu sameiginlega krafist úrskurðar um að fyrirtæki yrði tekið til slitameðferðar. Heimild til greiðslustöðvunar lyki sjálfkrafa þegar úrskurður um slitameðferð væri kveðinn upp, en ekki fyrir eins og virtist hafa verið gengið út frá.

Stefnandi telur að af framangreindu megi sjá að aðgerðir til endurskipulagningar á fjárhag stefnda hafi eingöngu falist í því að félaginu hafi verið veitt heimild til greiðslustöðvunar. Slitastjórn hafi ákveðið án dómsúrskurðar að félagið leitaði nauðasamnings. Í innköllun til kröfuhafa segi slitastjórnin að hún hafi með höndum meðferð krafna á hendur stefnda meðan greiðslustöðvun stendur og *eftir að slitameðferð hefst að lokinni greiðslustöðvun.*

Vegna þessa hafi félagið aldrei farið í formlega og löglega slitameðferð á grundvelli laga nr. 44/2009. Félagið hafi haft greiðslustöðvun samkvæmt dómsúrskurði allt þar til nauðasamingurinn hefði verið staðfestur.

Með tilliti til þessa heldur stefnandi því fram að það ferli sem endurskipulagning fjárhags stefnda hafi verið sett í sé efnilega hið sama og önnur fyrirtæki en fjármálafyrirtæki gangi í gegnum, þ.e. greiðslustöðvun og nauðasamningur í skilningi gjaldþrotalaga. Framkvæmdin sé lítillaga frábrugðin. Af þessu leiði að krafa stefnanda sé ekki fallin niður fyrir vanlýsingu og beri að taka hana til greina að fullu samkvæmt 3. mgr. 45. gr. gjaldþrotalaga.

Verði ekki fallist á framangreinda málsástæðu, byggir stefnandi á því að þegar stefndi leitaði eftir og fékk samþykktan nauðasamning og í framhaldinu full umráð yfir búi sínu, hafi greiðsluskylda hans orðið virk.

Hann vitnar enn til þess að sérreglur gildi samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 um þau fyrirtæki sem voru í greiðslustöðvun þegar lögín tóku gildi. Eldri reglur eigi að gilda um meðferð þeirra eftir því sem mælt hafi verið fyrir um í lögum nr. 161/2002 og nr. 21/1991. Þó skyldi samkvæmt 2. tl. bráðabirgðaákvæðisins beita ákvæðum 1. mgr. 101. gr., 102 gr., 103. gr. og 103. gr. a laga nr. 161/2002, eins og þeim var breytt með lögum nr. 44/2009. Samkvæmt 2. mgr. 98. gr. laga nr. 161/2002 skyldu gjaldþrotalög gilda um heimild til að leita greiðslustöðvunar og nauðasamnings og um framkvæmt þeirra ráðstafana, enda væri ekki á annan veg mælt í lögum nr. 161/2002. Því séu það þau lagaákvæði ein sem talin séu upp í bráðabirgðaákvæðinu, sem við sé átt í 2. mgr. 98. gr.

Stefnandi segir að í 4. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 segi að ákvæði XVIII. kafla og 5. þáttar gjaldþrotalaga gildi um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess, þar á meðal um áhrif þess að kröfu sé ekki lýst. Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. ráðstafi slitastjórn hagsmunum á sama hátt og skiptastjóri við gjaldþrotaskipti, með ákveðnum undantekningum. Samkvæmt 3. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 8. gr. laga nr. 44/2009, geti slitastjórn ákveðið að leita nauðasamnings þegar hún telji það tímabært, til að ljúka slitameðferð. Skuli þá gert frumvarp að nauðasamningi eftir reglum 36. gr. gjaldþrotalaga og það borið undir kröfuhafafund. Um nauðasamningsumleitanir fari að öðru leyti eftir 2. mgr. 149. gr. og 151.-153. gr. sömu laga.

Stefnandi bendir á að ljúki gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi fái þrotamaður, eða stjórn félags, aftur forræði á hagsmunum sínum og þeim eignum sem ekki hafi verið ráðstafað. Lög nr. 161/2002 vísi til 2. mgr. 149. gr. gjaldþrotalaga, sem segi að þegar þrotamaður leiti nauðasamnings við gjaldþrotaskipti, þá skuli 3. þáttur laganna gilda með þeim frávikum sem mælt sé fyrir um í XXI. kafla eða leiði af eðli máls. Í 3. þætti sé að finna 3. mgr. 45. gr. sem segi að krafa falli ekki niður, þótt henni sé ekki lýst við nauðasamningsumleitanir. Stefnandi kveðst telja þetta eiga við um sína kröfu. Samkvæmt 3. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. 8. gr. laga nr. 44/2009, skuli slitastjórn efna

skuldbindingar við kröfuhafa samkvæmt nauðasamningi og ljúka svo slitameðferð samkvæmt 1. og 2. mgr., þ.e að afhenda hluthöfum eða kröfuhöfum félagið aftur. Framkvæmdin sé því sú sama hvort sem það sé skiptastjóri í þrotabúi eða slitastjórn sem stýri málum.

Stefnandi bendir á að á skrá um atkvæðisrétt skuli aðeins taldar kröfur sem viðurkenndar hafi verið við gjaldþrotaskiptin og atkvæðisréttur fylgi að mati skiptastjóra, sbr. 2. mgr. 151. gr. gjaldþrotalaga. Umdeildar kröfur séu því ekki teknar á skrána og því geti afstaða til kröfu stefnanda ekki byggst á því einu að hún hafi ekki verið á atkvæðaskrá.

Stefnandi vísar til 118. gr. gjaldþrotalaga sem gildi eins og áður segir við slit fjármálafyrirtækja, Þar segir að krafa sem ekki sé lýst falli niður gagnvart búinu. Annað sé ekki að finna um vanlýsingu í lögnum og þessi orð séu tengd við búið. En þó krafa falli niður gagnvart búinu beri þrotamaður áfram ábyrgð á skuldum sínum sem ekki hafa fengist greiddar við gjaldþrotaskipti, sbr. 2. mgr. 165. gr laganna, einnig þeim kröfum sem ekki hafi verið lýst. Stefnandi vill draga þá ályktun af þessu að þegar einstaklingur sé undir gjaldþrotaskiptum rofni fyrning á lýstri og ógreiddri kröfu, sem verði þá sótt á hendur honum eftir lok skipta. Fyrning rofni því aðeins að kröfu hafi verið lýst. Ljúki gjaldþrotaskiptum félags með því að það taki aftur upp starfsemi, eftir atvikum að gerðum nauðasamningi, þá leiði þetta samspil 118. og 165. gr. til þess að vanlýst krafa lifi áfram gagnvart félaginu, en án þess að fyrningu hafi verið slitið. Krafan komist ekki að gagnvart búinu, en hún falli ekki niður. Stefnandi segir að þessi regla gildi gagnvart stefnda, ef ekki beint, þá fyrir lögjöfnun. Hann segir að reglur um brottfall kröfu séu íþyngjandi. Beri að skýra þær þröngt og þær hljóti að styðjast við bein og ótvíræð lagafyrirmæli.

Stefndi hafi einungis fengið heimild til greiðslustöðvunar og til að leita nauðasamnings. Hvort tveggja hafi farið eftir reglum gjaldþrotalaga. Í áðurnefndu bráðabirgðaákvæði laga nr. 44/2009, sem gilt hafi um stefnda, hafi verið taldar nokkrar greinar sem skyldi beita við framkvæmdina. Þessi ákvæði laga nr. 161/2002 vísi svo aftur til nokkurra ákvæða í gjaldþrotalögum, sem mæli fyrir um framkvæmd greiðslustöðvunar og nauðasamningsumleitana. Engin ákvæði gjaldþrotalaga um framkvæmd nauðasamnings hafi verið undanskilin, en það hefði verið nauðsynlegt þar sem í 2. mgr. 98. gr. laga nr. 161/2002 hafi sagt að framkvæmdin skyldi fara eftir gjaldþrotalögum. Undantekningar frá meginreglu beri að skýra þröngt. Engar reglur gjaldþrotalaga hafi verið undanskildar nema þær hafi verið taldar upp í bráðabirgðaákvæðinu. Nauðsynlegt hefði verið að taka fram frávik frá skýrum fyrirmælum 98. gr. laga nr. 161/2002. Því hafi 165. gr. gjaldþrotalaga ekki verið undanskilin og heldur ekki 3. mgr. 45. gr. Þar sem stefndi hafi nú fengið full umráð yfir búi sínu, beri honum að efna skuldbindingar sínar við stefnanda.

Þetta telur stefnandi einnig eiga við þó svo að talið yrði að stefndi hafi verið í formlegri slitameðferð.

Stefnandi reiknar kröfu sína án tillits til ákvæða nauðasamningsins. Vísar hann til ummæla Hæstaréttar í forsendum dóms í máli nr. 256/2002.

Fjárkröfu sína byggir stefnandi á því að kröfur samkvæmt skuldabréfum hafi raknað við aftur er slitastjórn rifti greiðslu til stefnanda samkvæmt bréfi dags. 19. júní 2009.

Kröfurnar eru nánar sundurliðaðar í stefnu. Þar er um að ræða lið A (með undirliðum a-f), sem byggir á rafrnum skuldabréfum í nokkrum flokkum, lið B, vegna skuldabréfaflokksins „Straumur Global Warming“, og loks lið C, sem eru skuldabréf um

víkjandi lán. Um lið C segir stefnandi að þar sem ekki liggi fyrir upplýsingar frá stefnda um það með hvaða hætti hann hafi gert upp við kröfuhafa sína í framhaldi af nauðasamningnum, vilji hann halda inni kröfu samkvæmt þessum bréfum. Stefnandi hafi neitað að fjalla efnislega um kröfur stefnanda.

Í aðalkröfu er krafist greiðslu á öllum kröfum í liðum A, B og C. Í varakröfu er víkjandi láni samkvæmt lið C sleppt. Stefnandi reiknar vexti, og af einni kröfu dráttarvexti, til 22. apríl 2009, sem var upphafsdagur kröfumeðferðar. Þá krefst hann dráttarvaxta frá þeim degi.

Ekki er nauðsynlegt að fjalla nánar um sundurliðun eða grundvöll krafanna, en eftir að stefnandi lækkaði kröfu sína við aðalmeðferð málsins var ekki haldið uppi mótmælum við fjárhæð.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi gerir athugasemd við þá málsútlitun stefnanda að hann hafi fallist á að úrlausn Hæstaréttar í máli nr. 162/2010 eigi einnig við um innistæðukröfur stefnanda. Það hafi ekki komið til þess að slitastjórn þyrfti að taka afstöðu til þess hvort stefnandi ætti innistæður hjá stefnda. Það réttarsamband sem stefnandi telji að hafi raknað við sé ekki annað en það að stefnandi eigi vanlýsta kröfu samkvæmt skuldabréfum. Stefnandi telji að hún hefði átt að fást viðurkennd sem almenn krafa við slitameðferð stefnda ef henni hefði verið réttilega lýst.

Stefndi fellst á að stefnandi geri kröfur sínar án tillits til nauðasamningsins. Efnisdómur fjalli ekki beint um hver afdrif þeirra yrðu við aðför. Þannig bendir hann á að krafan í lið C myndi falla niður, þar sem hún byggir á skulabréfi sem sé víkjandi lán.

Stefndi telur útlitun stefnda á lagareglum ekki hafa þýðingu. Líta beri til þeirra laga sem í gildi voru þegar slitameðferð félagsins hófst. Lögum nr. 161/2002 hafi verið breytt verulega með lögum nr. 44/2009. Þau hafi tekið gildi 22. apríl 2009. XII. kafli laganna um endurskipulagningu fjárhags, slit og samruna fjármálafyrirtækja hafi verið endurskrifaður að verulegu leyti. Slitameðferðin hafi hafist eftir að þessar breytingar tóku gildi. Í ákvæði II til bráðabirgða í lögnum hafi verið sérákvæði um fjármálafyrirtæki sem höfðu heimild til greiðslustöðvunar er lögin tóku gildi. Í 103. gr. a sé mælt fyrir um lok slitameðferðar. Í 3. mgr. sé slitastjórn heimilað að leggja frumvarp að nauðasamningi fyrir kröfuhafa ef eignir fjármálafyrirtækis nægi ekki til fullrar greiðslu krafna. Frumvarpið skuli gert eftir reglum 36. gr. gjaldþotalaga og borið undir atkvæði á kröfuhafafundi. Síðan tekur stefndi orðrétt upp úr ákvæðinu:

Eftir því sem átt getur við fara nauðasamningsumleitanir að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151. – 153. gr. sömu laga, en slitastjórn gegnir þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og heldur hún kröfuhafafundi við þessar umleitanir. Fáist frumvarp að nauðasamningi samþykkt skal slitastjórn leita staðfestingar hans eftir reglum IX. kafla sömu laga. Ef nauðasamningur er staðfestur efnir slitastjórn eftir þörfum skuldbindingar við kröfuhafa samkvæmt honum og lýkur svo slitameðferð eftir því sem segir í 1. og 2. mgr. greinar 103 a.

Stefndi segir að XVIII. kafli og 5. þáttur gjaldþrotalaga gildi um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess, þar á meðal um áhrif þess að kröfu er ekki lýst, sbr. 5. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002. Af 118. gr. gjaldþrotalaga leiði að krafa falli niður sé henni ekki lýst. Undantekningar sem gerðar séu í ákvæðinu eigi ekki við hér.

Stefndi segir að þegar nauðasamningsfrumvarp sitt hafi verið samþykkt, hafi kröfur stefnanda verið fallnar niður.

Stefndi telur að skilningur stefnanda á samspili 118. og 165. gr. gjaldþrotalaga fái ekki staðist. 165. gr. sé í XXII, kafla laganna sem fjalli um úthlutun og lok gjaldþrotaskipta. Ákvæðið sé ekki á meðal þeirra réttarheimilda sem vísað sé til um meðferð krafna og nauðasamningsumleitanir fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 161/2002. Á sama hátt sé útilokað að að beita ákvæði 45. gr. gjaldþrotalaga í þessu tilviki. Ákvæðið sé í 3. þætti laganna sem fjalli um nauðasamningsumleitanir án undanfarandi skipta. Ekki sé heldur vísað til þess kafla í lagaákvæðum um nauðasamningsumleitanir fjármálafyrirtækja, nema hvað beint sé tekið fram í 103. gr. a laga nr. 161/2002 að nauðasamningsfrumvarp skuli gert í samræmi við 36. gr. Stefndi segir augljóst að ef löggjafinn hefði viljað að 45. eða 165. gr. gjaldþrotalaga gildi um vanlýstar kröfur við slitameðferð fjármálafyrirtækja hefðu fyrirmæli um það verið tekin upp í lög. Það hafi ekki verið gert.

Stefndi mótmælir því að lögskýringargögn með lögum nr. 75/2010 og 132/2010 renni stoðum undir þá fullyrðingu að félagið hafi ekki verið í raunverulegri slitameðferð, heldur einungis í greiðslustöðvun. Hann segir að með lögum nr. 44/2009 hafi skilanefndum fyrirtækja sem þá voru í greiðslustöðvun verið gefin bein fyrirmæli um að óska eftir skipun slitastjórnar. Öll framkvæmd og dómafóðemi sýni að engum hafi dottið í hug að véfengja að félagið hafi verið í slitameðferð. Um þetta geti lögskýringargögn í tengslum við lagasetningu eftir að störfum slitastjórnar félagsins var lokið ekki haft neina þýðingu. Mótmælir stefndi því að félagið hafi ekki verið í slitameðferð og að sú meðferð hafi brotið í bága við tilskipun 2001/24/EB. Álitafni um slitameðferðina beri að leysa samkvæmt lögum nr. 161/2002 eins og þau voru á þeim tíma sem nauðasamningsumleitanir stóðu yfir.

Stefndi mótmælir loks vaxtakröfu stefnanda og telur að kröfur hans geti ekki borið dráttarvexti fyrr en frá þeim degi sem dómur verði kveðinn upp.

Niðurstaða

Með úrskurði dómsins 19. mars 2009 var stefnda, sem þá hét Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki, veitt heimild til greiðslustöðvunar. Þann 15. apríl 2009 voru samþykkt á Alþingi lög sem gefin voru út 21. apríl sem lög nr. 44/2009, og skyldu þegar öðlast gildi. Með bréfi 11. maí skipaði héraðsdómur félaginu slitastjórn að beiðni skilanefndar. Er um þá skipun vísað til 1. og 3. tl. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. og 4. tl. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009. Slitastjórnin gaf út innköllun 12. maí og skoraði á kröfuhafa að lýsa kröfum sínum. Var tekið fram að yrði kröfu ekki lýst innan frests hefði það sömu réttaráhrif og vanlýsing kröfu samkvæmt 118. gr. laga nr. 21/1991.

Áður nefnt ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 gildi samkvæmt upphafsorðum sínum um stefnda. Í 2. tl. sagði að við greiðslustöðvun félagsins skyldi beita tilteknum ákvæðum laganna, eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem lögin öðluðust gildi. Slitameðferðin skyldi kölluð greiðslustöðvun sem lengi sem sú heimild stæði, en þegar heimildin væri runnin út skyldi fyrirtækið sjálfkrafa teljast vera til slitameðferðar eftir almennum reglum.

Meðal þeirra ákvæða sem beita skyldi var 102. gr. og 103. gr. a. Af 102. gr., sbr. einkum 4. mgr. sem vísar til XVIII. kafla og 5. þáttar laga nr. 21/1991, leiðir að stefndi var til meðferðar eins og félagið hefði verið tekið til slita með úrskurði 21. apríl 2009. Um innköllunina sem slitastjórnin gaf út gildi því regla 118. gr. gjaldþrotalaga. Ef kröfu væri ekki lýst, félli hún niður, gagnvart búinu. Krafan fellur hins vegar ekki niður gagnvart félaginu. Þessi regla gildir jafnt gagnvart einstaklingum og félögum með takmarkaðri ábyrgð. Yfirleitt skiptir þetta þó ekki máli við gjaldþrotaskipti á búum félaga, sem lýkur með úthlutun og þar með slitum félagsins.

Meðferð slitastjórnar á stefnda, hvort sem við nefnum hana slitameðferð eða meðferð sams konar og slitameðferð, lauk með því að staðfestur var nauðasamningur. Í 3. mgr. 103. gr. a. laga nr. 161/2002, sbr. 8. gr. laga nr. 44/2009, er gert ráð fyrir því að slitameðferð megi ljúka með gerð nauðasamnings. Ekki verða dregnar víðtækar ályktanir af því að ákvæðið notar orðalagið *að leita nauðasamnings til að ljúka [slitameðferðinni]*. Ekki er unnt að líta svo á að um nauðasamning stefnda gildi aðrar reglur en um nauðasamninga sem gerðir eru samkvæmt XXI. kafla gjaldþrotalaga.

Nauðasamningur sem gerður er eftir að félag hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta leiðir til þess að fjárhæð krafna og skilmálar breytast eftir því sem samningurinn mælir fyrir um. Gjaldþrotaskiptunum er hætt og stjórn félagsins tekur aftur við forræði á hagsmunum þess og skuldbindingum. Kröfuhafi sem komst ekki að við skiptin vegna þess að hann lýsti ekki kröfu sinni, getur krafist greiðslu kröfu sinnar, en verður að sæta lækkun hennar í samræmi við skilmála nauðasamningsins.

Í 3. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. 8. gr. laga nr. 44/2009, er vísað til 1. og 2. mgr. ákvæðisins um hvað skuli gert að staðfestum nauðasamningi. Í 1. mgr. segir að annað hvort verði fyrirtæki látið á ný í hendur hluthafa, sbr. 1. tl., eða hluthöfum er greiddur út eignarhlutur þeirra, sbr. 2. tl. Skýra verður 2. tl. svo með hliðsjón af 2. mgr. að sú leið verði ekki farin nema allar viðurkenndar kröfur hafi verið greiddar að fullu. Í tilviki stefnda var því einungis fær sú leið sem farin var, þ.e. að hluthafar tækju við félaginu á ný. Af því leiðir að kröfur sem komust ekki að við skiptin, hafa ef svo má segja vaknað til lífs á ný þar sem skuldari þeirra er ekki lagður niður. Engin heimild er í lögum til þess að telja kröfur falla alveg niður þó þeim hafi ekki verið lýst við gjaldþrotaskipti eða slitameðferð.

Verður samkvæmt framansögðu að fallast á kröfur stefnanda. Aðilar eru sammála um að dæma verði kröfu stefnanda án tillits til ákvæða nauðasamnings stefnda. Gildir það um allar kröfurnar, líka hið svonefnda víkjandi lán. Þá þarf ekki fjalla um það hvort um sé að ræða kröfur samkvæmt skuldabréfum eða innlánnum, en fjárhæð er ekki umdeild. Verður því fallist á kröfu stefnanda, en eins og áður segir mótmælti stefndi ekki fjárhæðum eftir að stefnukröfur voru lækkaðar við aðalmeðferð málsins. Stefndi verður því dæmdur til að greiða stefnanda 5.195.648.045 krónur.

Stefndi mótmælir sérstaklega dráttarvaxtakröfu stefnanda. Fallast verður á að ekki séu skilyrði til að reikna dráttarvexti fyrir en slitameðferð hafði verið lokið með staðfestingu nauðasamnings. Ber að reikna dráttarvexti frá þeim degi sem nauðasamningur var staðfestur, 18. ágúst 2010.

Rétt er að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn 1.600.000 krónur.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndi, ALMC hf., greiði stefnanda, Stapa, lífeyrissjóði, 5.195.648.045 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. ágúst 2010 til greiðsludags og 1.600.000 krónur í málskostnað.
